

70. Fundur Íþróttá- og æskulýðsnefnar var haldinn í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar

föstudaginn 10. október 2014 kl: 12:00

Á fundinn mættu:

Rán Kristinsdóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir, Ása Gunnarsdóttir, Einar Hjörleifsson

Sigrún Ólafsdóttir, Páll Águst Ólafsson

1. Félagsmiðstöðin Afdrep

Búið er að bregðast við bréfi frá unglungum um félagsmiðstöðina.

Nýjar peysur eru í þöntun, þar sem krakkarnir höfðu skoðanir um merkingar og annað. Kostnaður unglinganna mun verða 2000 kr.

Halldóra Unnarsdóttir fór með 4 unglingu á landsmót félagsmiðstöðva á Akranesi þar sem þau fóru í hinar ýmsu smiðjur og fengu hugmyndir.

Næsti stóri atburðurinn á vegum félagsmiðstöðvarinnar er svo 6. nóvember þar em farið verður á forvarnarball í Borgarnesi.

Hafdíð Rán Brynjarsdóttir mun hætta störfum um mánaðarmót og þakkar nefndi henni fyrir vel unni störf.

2. Heilsuvika í janúar

Nefndin ákvað að setja á heilsuviku í janúar 2015. Hugmyndir ræddar. Ákveðið að tala við atvinnu og ferðamálanefnd um samstarf. Rætt um að reyna að virkja sem flesta í samfélaginu. Ákveðið að vinna áfram að undirbúningi fram að næsta fundi þar sem nefndarmenn skipti með sér verkum.

3. Íþróttamaður/kona Snæfellsbæjar

Rætt um þessa tilnefningu - í ljósi þess að við höfum íþróttamann HSH. Umræðan spannst út í að tilnefna jafnvel frekar Snæfellsbæing ársins. Ekki endilega íþróttamann, heldur einhvern sem hefur látið gott af sér leiða, björgunarsveitarmann, frumkvöðul o.s.frv. Engar ákvarðanir teknaðar að sinni en Brynja Mjöll og Sigrún munu skoða þetta betur fyrir næsta fund.

4. Framkvæmdir við sundlaug Ólafsvíkur

Sigrún segir frá gangi mála, flísarnar sem vantaði eru komnar. Innilaugin verður málud helgina 24. okt. þá er vetrarfrí í GSNB. Töluluvert er búið að vera að gera á laugardögum og mikil pressa frá almennungi um að lauginn verði opin á sunnudögum – snýst um þjónustustig.

5. Önnur mál

Forvarnardagurinn gekk frábærlega. Kristgeir Kristinsson kom og talaði við krakkana og sagði m.a. frá eigin reynslu.

Íþróttá og æskulýðsnefndarfulltrúi sendi tvö erindi til bæjarráðs annars vegar um að skipað yrði í Ungmennaráð og hins vegar um að þrír yrðu skipaðir í þjóðhátiðarnefnd með henni.

Auglýst hefur verið aðstaða á Snb síðunni fyrir líkamsræktarstöð – vonum við að einhver taki af skarið